

Miðvikudaginn 29. apríl 1998.

Nr. 174/1998.

Ríkislögreglustjóri

(Jón H. Snorrason saksóknari)

gegn

Jóhanni Stefánssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 27. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Suðurlands 17. apríl 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði áfram bönnuð för úr landi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði bönnuð brottför úr landi til 8. júní nk.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hin kærða ákvörðun verði staðfest, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími en sóknaraðili krefst.

Opinbert mál á hendur varnaraðila og öðrum manni var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands 23. mars 1998. Gaf varnaraðili ýtarlega skýrslu fyrir dómnum 17. apríl sl., og er aðalmeðferð í málinu fyrirhuguð 18. maí nk. Verður því ekki séð, að þörf sé á farbanni til að koma í veg fyrir, að varnaraðili geti komið sér undan málsókn. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að sérstaklega rík hætta sé á, að ákærði fari úr landi og komi sér þannig undan refsingu, sem honum kann að verða dæmd. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.